

Fundargerð skólaráðs Stapaskóla

Fyrsti fundur skólaársins 2024-2025 í Stapaskóla, 16. október, 2024 kl: 16:15.

Mættir:

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri, Jón Haukur Hafsteinsson, aðstoðarskólastjóri, Lísá Mjöll Ægisdóttir, fulltrúi kennara, Hinrik Bjarki Hjaltason, fulltrúi nemenda, Ísey Rún Björnsdóttir, fulltrúi nemenda, Dagný Sjöfn Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks skóla, Sandra Sif Rúnarsdóttir, formaður foreldrafélagsins, Forföll: Auður Guðbjörg Pálsdóttir, fulltrúi foreldra og Bryndís Guðmundsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

1.mál. Starfsáætlun 2024 - 2025 lögð fram til samþykktar

2.mál. Kynning á þróunarverkefninu Heillarspor

4.mál. Önnur mál

1. Mál. Starfsáætlun borin upp til samþykktar.

Gróa kynnir starfsáætlun skólaársins 2024-2025. Starfsáætlunin er samþykkt af öllum aðilum með handauppréttingum.

2. Mál. Kynning á þróunarverkefninu Heillarspor

Gróa segir frá þróunarverkefninu sem Stapaskóli er að innleiða í samstarfi við Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu (MMS). Verkefnið á rætur sínar að rekja til Glasgow í Skotlandi. Innleiðingin þess hófst á vorönn síðasta skólaárs og er Stapaskóli fyrsti skólinn á Íslandi til að innleiða Heillarspor (e. Nurture). Á þessu skólaári eru nokkrir aðrir skólar á Íslandi að hefja innleiðingu á verkefninu.

Innleiðingarteymi er að störfum við að leiðbeina starfsmannahópnum ásamt þess að Bergdís verkefnastjóri frá MMS fylgir okkur að.

Helstu breytingar sem skólinn hefur gert er að bjóða nemendum upp á ávexti yfir skóladaginn, sumir árgangar eru með ávaxtastund en aðrir bjóða uppá í kennslustundum. Einnig hafa tvenndir útfært hjá sér rými fyrir nemendur til að fara inn í og fá næði og ró. Starfsfólkið er að rýna í breytingar og meta hvort þær eru að virka eða ekki.

Í vetur höfum við verið að innleið viðmið og væntingar fyrir allan grunnskólann. En með því erum við að beina sjónum að þeirri hegðun sem við viljum sjá í stað þeirrar sem er óæskileg.

3. Mál. Önnur mál

Gróa talar um hvernig skólaárið hafi farið vel af stað og hvernig skólinn sé vel mannaður af áhugasömu og krafmiklu starfsfólki. Sagði hún einnig frá

Því að nú loksins eru nemendur farnir að stunda íþróttir í glæsilegu íþróttahúsi við Stapaskóla og vonir standa til að þeir geti einnig stundað þar sund strax í upphafi nýs árs. Þangað til stunda nemendur sund í Vatnaveröld.

Gróa hvatti fulltrúa nemenda að vera duglega að miðla og óska eftir samtali við stjórnendur ef eitthvað er.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundargerð ritaði:
Jón Haukur Hafsteinsson,
aðstoðarskólastjóri